

MENNING

Á leðurblökuvængjum söngsins

TÓNLIST

Geisladiskur

Kammersveitin Ísafold ★★★★★☆

Verk eftir Sørensen, Takemitsu, Schönberg og Hauk Tómasson. Kammersveitin Ísafold leikur undir stjórn Daniels Bjarnasonar.

KAMMERSVEITIN Ísafold, sem Daniel Bjarnason stjórnar, er með langbestu tónlistarhópum landsins. Það hefur hún margoft sannað. Geisladiskur þar sem sveitin leikur verk eftir Bent Sørensen, Hauk Tómasson, Takemitsu og Schönberg er enn ein skrautfjöldurinn í hatt hennar. Ekki aðeins er leikurinn vandaður og fullur af vel út-

færðum blæbrigðum, heldur er túlkunin ávallt samfærandi og í anda hvers tónskálds. Almennt talið að svífur dulúð yfir vötnunum, The Weeping White Room eftir Sørensen er eins órætt og titill verksins gefur til kynna, en samt fullt af auðfundinni merkingu – sem þó er ekki nokkur leið að koma í orð.

Svípaða sögu er að segja um hið ljóðræna Tree Line eftir Takemitsu, þar er skáldskapurinn í leik Ísafoldar í senn hástemmdur og dulúðugur. Sex lítill píanóstykki eftir Schönberg í útsetningu Bernhards Wulffs eru líka ágætlega leikin, þótt óneitanlega sé hin upp-runalega píanóútgáfa markvissari

og nái betur fram óttanum við hið óþekkt, sem lesa má út úr mergjuðu tónmáli Schönbergs. Engu að síður er hljómsveitarútgáfan prýðilega gerð með góðu jafnvægi á milli ólíkra radda hljómsveitarinnar.

Par eftir Hauk Tómasson er sömuleiðis glæsilega flutt og af ástríðu sem fer tónskáldinu mun betur en sú kalda vandvirni sem stundum einkennir túlkun tónlistar hans.

Óhætt er að mæla með þessum geisladiski fyrir þá sem hafa áhuga á dulúð og forneskju í nýrri tónlist.

Jónas Sen



Morgunblaðið/Eyþór

Framarlega Kammersveitin Ísafold hefur skipað sér í fremstu röð klassískra sveita hér á landi og óhætt er að mæla með nýjasta geisladiski hennar.



Ökutímar



SAGA UM FORBODNA ÁST MED TÓNLIST EFTIR LAY LOW

Afbragðs dómar!

„Þetta er falleg sýning... ákaflega sterk... með því að taka Ökutíma

til sýningar hefur íslenskt leikhús stjigið feti framár... LA – þar sem allt blómstrar og grær... rigna yfir sýninguna stjórnunum.“ **MK, Mbl**

„Þetta er stórgóð sýning í einkar vel heppnaðri umgjörð“ **EB, Fréttablaðið**

„LA nýtur nú vinsælda og virðingar í samfélaginu sem önnur leikhús mega ófunda það af... mjög vel unnin“ **JVJ, DV**

„Ég er djúpt snortin... Stórkostlegur leiksigur... mjög áhrifamikil sýning“ **SLG, RÚV**

„stórkostlegan samleik...beint í hjartastað...“ **IS, Kistan**

„djúpt og áhrifamikil... rússíbanafærð... enn einn sigurinn!“ **VAJ, landpostur.is**

„magnaða sýningu... opnar augu og snertir, leikhús sem skiptir máli“ **JJ, Dagur.net**

„hittu mann beint í hjartastað... afar snjöll... Akureyringar eru öfundsverðir af þessari sýningu“ **SA, TMM**

„Þessi sýning nær manni svo sannarlega... lifir virkilega með manni og vekur mann til umhugsunar... LA sýnir mikinn metnað í verkefnavali“ **PES, Víðsjá, RÚV**



Næstu sýningar:
30. nóv, 5., 6., 7., 9., 15., 29. og 30. des.
Allt að seljast upp!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala: 4 600 200 | netsala: leikfelag.is

Í samstarfi við



Hvað viltu sjá?

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir

Ljóshærð ungrú heimur 1951 – Málverk, Birgir Snæbjörn Birgisson

Til 13. jan. Opið alla daga frá kl. 10-17.

BIRGIR Snæbjörn Birgisson kom fram með ofurbjört málverk sín fyrir nokkrum árum og hefur síðan þróað list sína áfram á þeirri braut, nú sýnir hann 56 málverk undir titlinum „Ljóshærð ungrú heimur 1951 –“ en af titlinum má ráða að myndröðinni er ekki lokið. Ljósar og bjartar myndirnar fylla heilan sal og koma áhorfandanum á óvart, sumir fussa og sveia eins og konan sem kom í dyrnar þegar ég var að skoða, kvaðst ekki sjá neitt og strunsaði þar við búið aftur út. Það hefur lengi þótt kostur að list sé umdeild og þessi sýning Birgis verður það án efa, en hér er margt að sjá.

Í fyrstu þarf áhorfandinn að læra á myndirnar, að koma auga á myndefnið sem birtist þá greinilega og í ljós koma ólík andlit, sum ljúf, önnur hörð, sum glöð, önnur dul-arfull á svip. Þegar andlitin eru komin í ljós veltir maður því næst fyrir sér hvað vaki fyrir mál-aranum því áhorfandi andspænis verki sem sífellt er hverfandi fyrir augum hans verður ósjálfrátt virkur og leitandi.

Hið ljósa og bjarta í verkum Birgis má skoða sem undirliggjandi athugasemd við kynþáttafordóma og myndir af fegurðardísum sem allar eru ljósar gætu fallið undir slíkan hatt. En slík túlkun er aðeins einn möguleikinn af mörgum og fagurfræði málverksins fær hér yfirhöndina gagnvart ímynd-arsköpun samfélagsins. Fjöldi myndanna gæti kallað á hugmyndir um fjöldaframleiðslu og list sjö-unda áratugarins en á móti kemur að engar tvær eru eins, framsetn-



Morgunblaðið/Einar Falur

Athugasemd „Hið ljósa og bjarta í verkum Birgis má skoða sem undirliggjandi athugasemd við kynþáttafordóma [...]“

ingin ýtir undir þetta og leggur ýmist áherslu á eina mynd, þar eða hóp, þetta er ekki myndröð á færibandi heldur má sjá hér 56 ólíkar konur. Ofurljósar myndir svissnesku listakonunnar Carol Bove koma upp í hugann þegar málverkin eru skoðuð, en hún hefur t.d. málað fyrirsetur *Playboy* með dauðu bleki. List Bove fjallar meðal annars um liðinn tíma og í málverkum Birgis má sjá fortíðarþrá og vangaveltur um hverfuleika minnis og mynda. Í heildina er yfir sýningunni tregafullur blær, þráin eftir að höndla það sem alltaf er utan seilingar, ef til vill má túlka það sem leitina að hinu fullkomna í listinni sem alltaf skreppur úr greipum listamanna, trúin á hið fullkomna augnablik sem heldur þeim gangandi og fær áhorfandann til að halda áfram að horfa og leita.

Leyfum við huganum að slaka á og reika í slíkri leit, eins og myndirnar bjóða upp á, erum við komin handan við myndflötinn – sem á

það hvort sem er til að leysast upp í óskiljanlegar pensilstrokur falli t.d. á hann óvænt hliðarbirta, handan við vangaveltur um hvað sé á myndinni því á endanum skiptir það ekki öllu máli. Málverkið hættir að snúast um sjálft sig og býður þess í stað sögu málverksins heim á myndflötinn og áhorfandanum að velja því fyrir sér hvers hann leiti, hvað hann vilji sjá og hvers vegna.

Heildaráhrif sýningarinnar eru mjög sérstök og sú áhætta sem Birgir tekur óhjákvæmilega með því að sýna 56 myndir þar sem myndefnið er ekki bara nær ósýnilegt, heldur eru myndirnar líka næstum allar eins þegar fljótt er á litid – styrkir hann sem listamann. Þegar út er komið þarf að blikka eins og þegar komið er út úr myrkrri og spurningin vaknar; hvað sá ég?, en sýning Birgis er tvímælalaust með þeim eftirminnilegri á árinu.

Ragna Sigurðardóttir

Hold verður mold

MYNDLIST

Grafíkafnið

Pjetur Stefánsson og Þór Sigmundsson

Til 2. des. Opið lau. og sun. frá kl. 14-18.

HUGLEIÐINGAR um lífsgildi eru viðfangsefni þeirra Pjeturs Stefánssonar og Þórs Sigmundssonar í Grafíkafninu. „Í leit að saumnál í hlöðu ríka mannsins“ nefnir Pjetur verk sitt en Þór nefnir skulptúr sinn *Mold*.

Inntak tilverunnar er Pétri hugleikið, en verkið er opið til túlkunar, ógrandi og fhugult í senn. Áhorfandinn horfist í augu við myndina og samspil hennar og titilsins verður til þess að vekja með honum spurningar. Hvað gerist ef logandi eldspýta er notuð til að leita í heyi? Er jafn erfitt að finna sannleika lífsins og saumnál í stórrí hlöðu? Er lífið jafn stutt og logi eldspýtu og vissara að einbeita sér að kjarna þess og láta efnishyggju lönd og leið?

Skulptúrinn eftir Þór Sigmundsson sem heggur í blágrýtisstuðlaberg minnir á dauðann, í heilan steininn, sem frá náttúrunnar hendi er formaður ekki ósvipað og líkista að hætti stuðlabergs, er mótaður hjúpur sem líkt og hylur beinagrind eða líkamsleifar. Hér á Þór bæði ágæta og síðri spretti í verkinu sem krefst töluverðrar



Grafíkafn Íslands

Dúó „Kertaljós gefur stemninguna á þessari litlu sýningu og andrúmsloftið er kyrrlát...“

hæfni en inn á milli tekst þó furðu vel að kalla fram mýkt í steinum. Kertaljós gefur stemninguna á þessari litlu sýningu og andrúmsloftið er kyrrlát þegar stigið er inn úr amstri dagsins. Ætlunarverkið er að vekja áhorfandann til umhugsunar, listin er hér í hlutverki sem henni hefur löngum verið ætlað, að veita andrými frá veraldlegu vafstri.

Ragna Sigurðardóttir